Reykjavík 02.06.2019

Varðandi frumvarp 126/149

Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni.

Umsögn:

Emma Sóldís Svan Hjördísardóttir 1704043430

Matilda Sóldís Svan Hjördísardóttir 0702063150

Mía Sóldís Svan Hjördísardóttir 1606072110

Við mótmælum frumvarpi 126/149.

Við höfum upplifað það að mamma okkar var tekin í burtu frá okkur og send í fangelsi í Danmörku. Það sem við upplifðum á ekkert barn að þurfa að upplifa.

Mamma okkar gerði allt til þess að forða okkur frá ofbeldi. Hún kom með okkur til Íslands eftir að ein af okkur var lögð inn á spítala með áverka eftir ofbeldi. Það endaði þannig að íslenska lögreglan tók okkur og kom okkur upp í flugvél til Danmerkur.

Við sáum mömmu aftur nokkrum mánuðum seinna, þar sem henni var haldið frá okkur. Okkur leið ekki vel og við gætum þulið upp hvað gerðist fyrir okkur á þessum tíma en gerum það ekki hér. Mamma fer aftur með okkur heim til Íslands og þá vorum við öll saman mamma og við systkinin. Það leið ekki á löngu þangað til að mamma var send til Danmerkur. Einn dag fengum við öll símtal frá mömmu þar sem hún sagði okkur að ekki hafa áhyggjur af henni en hún gæti ekki verið í miklu sambandi við okkur í einhvern tíma. Þetta var dagurinn sem mamma var handtekin. Við gátum seinna talað við mömmu tvisvar í viku 5 mínútur í senn. Sem var ekki langur tími þar sem við þurftum fjögur að skipta á milli okkar 5 mínótum en það var klukka í fangelsinu sem taldi mínóturnar niður, þegar þær voru liðnar þá var skellt á. Þarna var mamma í 6 mánuði.

Það er svo skrýtið að lesa td. Barnasáttmála Sameinuðuþjóðanna en hann hangir uppi í flestum skólum. Þar kemur fram að öll börn eigi rétt á vernd og að það eigi að hlusta á börn. Það var ekki hlustað á okkur og aftur og aftur brást fólk sem átti að hjálpa. Afhverju var okkur ekki trúað eða tekið mark á gögnum um ofbeldi? Við ætlumst til þess að þið hugsið um velferð og öryggi barna, þetta frumvarp bitnar verst á börnum. Í umræðum um mömmu á netinu er hún kölluð tálmunarmóðir, það ætti að fara skoða merkinguna á því orði vegna þess að í okkar huga er tálmun = vernd.